

Utanríkismálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2015

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um framkvæmd samnings um klasasprenjur. Þingskjal 1096 - 637. mál.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi,



Hermann Ottósson,  
framkvæmdastjóri.



# UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um framkvæmd samnings um klasaspengjur.

Þingskjal 1096 - 637. mál.

144. löggjafarþing 2014–2015.

## Almennar athugasemdir

Sem hluti af alþjóðahreyfingu vinnur Rauði krossinn á Íslandi að því að kynna og gera grein fyrir mikilvægi alþjóðlegra mannúðarlaga ásamt því að vinna að því að Ísland virði þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar í samræmi við aðild sína að Genfarsamningunum fjórum frá 1949, viðaukum við þá frá 1977 og 2005, sem og aðrar skuldbindingar á sviði mannúðarréttar.

Alþjóðaráð Rauða krossins (e. *International Committee of the Red Cross*) er verndari Genfarsamninganna frá 1949 og viðauka við þá. Alþjóðaráð Rauða krossins hefur lagt mikla áherslu á að ríki fullgildi alþjóðasamninga á sviði mannúðarréttarins. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að ríki fullgildi samning um klasaspengjur og sér í lagi þau ríki sem þegar hafa skrifað undir samninginn. Þá hefur landsnefnd um mannúðarrétt<sup>1</sup> rætt um og verið sammála um að skoða mikilvægi þess að samningur um klasaspengjur yrði fullgiltur.<sup>2</sup>

Rauði krossinn vekur athygli á því, að daganna 7.-11. september 2015 verður haldinn ríkjaráðstefna í Dubrovnik í Króatíu um samninginn um klasaspengjur. Áhersla er lögð á að 100 ríki hafi þá fullgilt samninginn en sem stendur hafa 91 ríki fullgilt hann.

Með vísan til ofangreinds fagnar Rauði krossinn á Íslandi frumvarpi til laga um framkvæmd samnings um klasaspengjur og hvetur Alþingi til að samþykkja frumvarpið sem meðal annars heimilar ríkisstjórninni að fullgilda samninginn um klasaspengjur.

Rauði krossinn vekur athygli utanríkismálanefndar á öðrum mikilvægum samningi á sviði mannúðarréttar sem Ísland hefur enn ekki fullgilt. Um er að ræða Haag samninginn frá 1954 um vernd menningarlegra verðmæta þegar vopnuð átök eiga sér stað.

## Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

Engar athugasemdir.

## Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins á Íslandi eru tilbúnir að hitta utanríkismálanefnd til að ræða ofangreind sjónarmið betur og gera grein fyrir þeim sé þess óskað.

---

<sup>1</sup> Íslensk landsnefnd um mannúðarrétt var stofnuð í apríl 2008. Hlutverk nefndarinnar er að breiða út þekkingu á alþjóðlegum mannúðarrétti, vera vettvangur umræðna um alþjóðlegan mannúðarrétt og veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi túlkun og framkvæmd mannúðarréttar. Nefndina skipa fulltrúar frá utanríkisráðuneyti, innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og frá Rauða krossinum á Íslandi. Sjá nánar: [http://www.raudikrossinn.is/page/rki\\_umokkur\\_landsnefnd\\_landsnefnd](http://www.raudikrossinn.is/page/rki_umokkur_landsnefnd_landsnefnd)

<sup>2</sup> Sbr. *Ársskýrslu landsnefndar um mannúðarrétt fyrir starfsveturinn 2012-2013*, bls. 2. Ársskýrslan er aðgengileg hér: [http://www.raudikrossinn.is/page/rki\\_umokkur\\_landsnefnd\\_arsskvrsla](http://www.raudikrossinn.is/page/rki_umokkur_landsnefnd_arsskvrsla)